

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2024
UST202407-292/A.B.
10.05.00

Efni: Viðbótarumsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Niðurrennslistlagnir að borholum við Gígahnjúka og Lakahnjúka

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. september sl. þar sem óskað er viðbótarumsagnar Umhverfisstofnunar vegna svara framkvæmdaraðila dags. 30. ágúst sl. við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 14. ágúst sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar taldi stofnunin umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatn ekki fullnægjandi og því gat stofnunin ekki tekið afstöðu til þess hvort verkefnið ætti að fara í umhverfimat eða ekki. Því óskaði stofnunin eftir frekari gögnum og umfjöllun um vatn.

Framkvæmdaraðili lagði fram áhrifamat fyrir vatnshlotið Selvogsstraumur 1 (104-249-G) dags. 30. ágúst 2024. Í áhrifamatinu kemur fram að framkvæmdin muni ekki krefjast aukinnar kaldavatsupptöku og þar með ekki hafa áhrif á magnstöðu efri grunnvatnskerfa. Markmið niðurdælingar er að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar og skila jarðhitavökvanum aftur ofan í kerfið þar með mun niðurdælingin minnka áhrif á magnstöðu jarðhitageymisins.

Einnig kemur fram að nokkur efni geta verið yfir viðmiðum neysluvatnsreglugerðar og eru þau arsen (As), bór (B), selen (Se), natríum (Na), ál (Al), kalíum (K) og flúor (F). Staðbundin, og stundum tímabundin, áhrif eru þó mjög líklega nærri losunarstöðum og sjást þau t.d. í breytingum á styrk súlfats (SO_4), kísils (SiO_2) og natríums (Na) í vöktunarholum nærri losunarstöðum.

Samkvæmt áhrifamati framkvæmdaraðila er það metið sem svo að vatnshlotið nái þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það og að framkvæmdin muni ekki hafa þau áhrif að þau náist ekki. Umhverfisstofnun vill þó benda á að ástand vatnshlotsins m.t.t. magnstöðu og efnafræðilegs ástands er enn óþekkt (sjá: [vatnavefsja](#)). Það er því ekki búið að staðfesta að vatnshlotið nái þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að til að meta efnafræðileg ástand þarf að meta þau efni sem koma fram í reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Það er þó mat Umhverfisstofnunar að það áhrifamat sem lagt er fram lýsi ágætlega þeim áhrifum sem verða vegna framkvæmdarinnar.

Það er mat Umhverfisstofnunar að þar sem skv. áhrifmati sé fyrirhugað að dæla niður jarðhitavatni aftur í sama jarðhitageym og ekki sé öðrum eignum bætt við niðurdælingarvatn að áhrifum framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotsins sé ágætlega lýst í áhrifmati. Umhverfisstofnun gerir því ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur